

Aðalfundur Hvanneyrarbúsins haldinn að Ásgarði, Hvanneyri 11. ágúst 2015

Mætt:

Póroddur Sveinsson formaður stjórnar, Pétur Diðriksson stjórnarmaður, Jón Hallsteinn Hallson stjórnarmaður boðaði forföll, Bústjóri Egill Gunnarsson, Rektor Björn Þorsteinsson fyrir hönd eiganda, áheyrnarfulltrúar með málfrelsi: Áslaug Helgadóttir, Theodóra Ragnarsdóttir, Eyjólfur Kristinn Örnólfsson og Emma Eyþórsdóttir.

Formaður stjórnar stýrði fundi og rektor ritaði fundargerð.

1) Skýrsla stjórnar. Rektor lýsti ánægju með skýrslu stjórnar og forystu formanns og stjórnar í endurskipulagningu búrekstrarins. Mikil trú ríkir á að búið eigi að geta staðið undir sér í samstarfi við skólann.

2) Ársreikningur Grímshaga 2014 lagður fram til samþykktar. Rektor fyrir hönd eiganda samþykkti ársreikning félagsins.

3) Samþykktir Hvanneyrarbúsins ehf. og starfsreglur stjórnar lagðar fram til samþykktar. Fram lagðar samþykktir og starfsreglur í einu plaggi eftir fyrirmynd leiðbeininga ríkisskattstjóra. Skjalið samþykkt.

4) Ákvörðun um greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu. Skoðunarmönnum er greitt eftir reikningi. Stjórnarmenn fá greiddan ferðakostnað á stjórnarfundi. Starfsmenn LbhÍ sem sitja í stjórn félagsins fá ekki sérstök stjórnarlaun en stjórnarstörf þeirra hafa áhrif á starfsmat samkvæmt reglum LbhÍ. Athuga á hvaða reglur gilda um þóknun stjórnarmanna sem ekki eru starfsmenn LbhÍ.

5) Önnur mál

5.1) Varðandi uppgjör lífeyrisskuldbindinga og möguleika skólans til að koma að því uppgjöri með framlagi til félagsins í gegn um aukningu hlutafjár. Beiðni til ráðuneytis um leyfi til hlutafjárukningu þarf að fylgja:

Inngangur sem skýrir erindið og bakgrunn þess (væntanlega með rökstuðningi um af hverju félagið var ekki sett á hausinn í stað þess að halda áfram rekstrinum undir þessari kennitölu). Greiðsluáætlun/rekstraráætlun þarf að fylgja til ráðuneytisins- væntanlega upp unnið plagg á grundvelli þess sem RML hefur unnið með stjórn félagsins. Líklegt að ráðuneytið vilji gera sér almenna grein fyrir rekstrarhæfi félagsins á ársgrunni.

5.2) Athuga á hvort ekki sé rétt að birta fréttatilkynningu um stöðu búrekstrarmála á Hvanneyri.

5.3) Tillaga frá Agli bústjóra um viðbót við launakjör starfsmanna: Að Hvanneyrarbúið greiði niður mótuneytiskostnað starfsmanna með sama hætti og LbhÍ gerir fyrir sitt starfsfólk. Áætlaður kostnaður er 12.600 – 13.500 kr á mánuði á hvern starfsmann í fullu fæði (21 dagar í mánuði). Verður rætt betur á næsta stjórnarfundi.

5.4) Umræður voru um fjárhagsstöðu félagsins um síðustu mánaðarmót.

5.5) Egill bústjóri gaf stutta skýrslu um gróffóðuröflunar og/eða stöðu búrekstrarins. Búið er að rúlla 1200 rúllur, 450 þeirra eru gott kúahey, 40 geldkúahey, 70 góðar í kálfa, 430 í hross,

273 rúllur af Hvanneyrarfitinni sem nýtist til fóðrunar í öllum flokkum. Það þarf um 1000 rúllur af kúaheyi þannig að enn vantar mikið.

5.6) Rætt verði um útfærslu á úthaganýtingu á nýjum forsendum sem áður hafði verið framseld að hluta til til 3H, ennfremur að húsin í Þórulág (hesthús og hlöður) verði sett í hendur búsins til ráðstöfunar og útleigu eftir atvikum.

5.7) Eignarhald véla sem eru á Hesti og eru í eigu Grímshaga þarf að skýra og taka ákvörðun um framtíðarvistun, ráðstöfunarrétt og hlutverk. Verður rætt betur á næsta stjórnarfundum.

Fleira gerðist ekki,

Björn Þorsteinsson
rektor